

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Nónhæð. Nónsmári 1-17. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 10. febrúar 2026 breytingu á deiliskipulagi Nónhæðar fyrir lóðirnar nr. 1-17 við Nónsmára.

Í breytingunni felst að á lóð B (Nónsmári 11-17) fjölgar íbúðum úr 45 í 47. Hús nr. 9 verður 3 hæðir ásamt kjallara í stað tveggja hæða ásamt kjallara. Hámarksflatarmál húss án kjallara eykst um 490 m², úr 4.840 m² í 5.330 m². Bílastæðakrafa helst óbreytt. Nýtingarhlutfall án kjallara og bílageymslu hækkar úr 0,92 í 1,01. Þá verður heimilt að reisa garðstofu á þaksvölum sem nær út fyrir byggingarreit vegna hæðarmismunar að hámarki 30 m². Í breytingunni felst einnig að á lóð C (Nónsmári 1-7B) fækki íbúðum úr 55 í 53 og stigahúsum er fjölgað úr fjórum í fimm. Hús nr. 1 verður 3 hæðir ásamt kjallara í stað tveggja hæða ásamt kjallara. Hámarksflatarmál hússins án kjallara eykst um 1.240 m², úr 5.960 m² í 7.200 m². Bílastæðakrafa helst óbreytt. Nýtingarhlutfall án kjallara og bílgeymslu hækkar úr 0,94 í 1,10. Þá verður heimilt að reisa garðstofu á þaksvölum sem nær út fyrir byggingarreit vegna hæðarmismunar að hámarki 30 m². Lögun byggingarreits breytist en stækkar ekki. Lóðarmörk eru stækkuð við göngustíg samhliða Smárahvammsvegi og Arnarnesvegi til að uppfylla hljóðkröfur og aðlagast gatnakerfi við Smárahvammsveg.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 15. apríl 2026.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 16. apríl 2026